



ATVINNA

Staða forstöðulæknis FSN í Neskaupstað

Heilbrigðisstofnun Austurlands óskar eftir að ráða í stöðu forstöðulæknis við umdæmissjúkrahús Austurlands í Neskaupstað.

Forstöðulæknir stjórnar læknisfræðilegum þætti sjúkrasviðs HSA.

Um er að ræða 100% stöðugildi.

Leitað er að sérfræðingi í lyflækningum með áhuga á að stjórna og þróa sjúkrahúspjónustu í Neskaupstað. Færni í mannlegum samskiptum er mikilvæg sem og reynsla af stjórnun.

Á FSN er rekin lyflækningadeild með tveimur lyflæknum, hjúkrunardeild, handlækningadeild með skurðstofu og svæfingarlækni, fæðingarþjónusta og endurhæfingardeild ásamt stoðdeildum.

Þar er einnig heilsugæsla fyrir íbúa í Neskaupstað og á Mjóafirði.

HSA starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. FSN starfrækir sjúkrasvið HSA. Stofnunin þjónar alls um 10.400 íbúum frá Bakkafirði til Djúpavogs, auk ferðamanna sem sækja Austurland heim.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknnum skal skilað á eyðublöðum sem fást á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is, til HSA, mannauðsstjóra, Lagarási 22, 700 Egilsstöðum.

Umsóknarfrestur er til 31. maí nk. en staðan er laus frá 1. júlí 2013, eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefa Stefán Þórarinsson, framkvæmdastjóri lækninga, s. 470-3052/892-3095, tölvup. stefanth@hsa.is og Valdimar O. Hermannsson, rekstrarstjóri FSN, s. 860-6770, tölvup. valdimarh@hsa.is.